

2313. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn þriðjudaginn 13. ágúst 2024 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli (og á Teams).

Mættir stjórnarmenn: Þorvaldur Örlygsson formaður, Helga Helgadóttir varaformaður, Ingi Sigurðsson varaformaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Hildur Jóna Þorsteinsdóttir, Jón Rúnar Halldórsson, Sigrún Ríkhardsdóttir, Sveinn Gíslason, Tinna Hrund Hlynsdóttir, Trausti Hjaltason, Unnar Stefán Sigurðsson, Þorkell Máni Pétursson, Þorsteinn Haukur Harðarson.

Á Teams: Jón Sigurður Pétursson.

Forföll: Tryggvi Gunnarsson, Orri Vignir Hlöðversson, Pálmi Haraldsson, Guðmundur Hafþórsson.

Mættir starfsmenn: Jörundur Áki Sveinsson settur framkvæmdastjóri, Haukur Hinriksson yfirlögfræðingur, Ómar Smárason samskiptastjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var þegar samþykkt rafrænt.

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð stjórnarmenn velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

- Vallarmál - Málefni Laugardalsvallar
 - Þorvaldur Örlygsson formaður fór yfir stöðu mála og þá fundi sem haldnir hafa verið með ráðamönnum um stöðu vallarins.
- Landsliðsmál - Landsleikir framundan
 - Jörundur Áki Sveinsson settur framkvæmdastjóri fór stuttlega yfir nýleg og komandi landsliðsverkefni, m.a. verkefni A kvenna í júlí þar sem frábær árangur náðist og svo komandi verkefni landsliða í haust.
- Mótamál - Úrslitaleikir bikarkeppna (Mjólkurbikar, Fótbolti.net bikar), Evrópuleikir félagsliða, verðlaunaafhendingar
 - Helga Helgadóttir formaður mótanefndar fór yfir ýmis málefni tengd mótamálum, fjallaði um helstu verkefni mótanefndar síðustu vikur og mánuði, og fór einnig m.a. yfir þá úrslitaleiki bikarkeppna sem eru framundan.
 - Rætt um fjölda frestaðra leikja og leikjabreytingar. Nokkrir stjórnarmenn tóku til máls, ýmsar hliðar voru ræddar og mögulegar lausnir, viðurlög og annað.
 - Jörundur Áki Sveinsson ræddi verðlaunaafhendingar, sem eru fjölmargar framundan eins og á hverju hausti, og hvatti stjórnarmenn til að gefa kost á sér í afhendingar verðlauna eins og hægt er.
- Norðurlandafundur í Álaborg 16.-17. ágúst nk.
 - Jörundur Áki Sveinsson fór stuttlega yfir fundarefni komandi Norðurlandafundar, sem er árlegur fundur knattspyrnusambandanna á Norðurlöndunum, þar sem fjallað er um sameiginleg verkefni og sameiginleg hagsmunamál. Fulltrúar KSÍ á fundinum í ár verða Þorvaldur Örlygsson formaður og varaformennirnir Helga Helgadóttir og Ingi Sigurðsson. Fram kom í máli Jörundar að fundur ársins 2025 verði haldinn á Íslandi og er um að ræða 50-60 manna viðburð.
- Önnur mál
 - Haukur Hinriksson yfirlögfræðingur KSÍ tók sæti á fundinum og fór yfir erindi frá KR til stjórnar KSÍ varðandi leik HK og KR í Bestu deild karla sem fara átti fram 8. ágúst síðastliðinn. KR fer í erindi sínu fram á að stjórn KSÍ vísi málinu til aga- og úrskurðarnefndar. *Stjórn KSÍ vísaði erindinu frá. Niðurstaða mótanefndar stendur.*
 - Unnar Stefán Sigurðsson ræddi stuttlega um mannvirkjasjóð. Unnið er að yfirferð umsókna.
 - Hildur Jóna Þorsteinsdóttir fór yfir vinnu starfshóps um framkvæmd leyfiskerfis KSÍ, sem skipaður var á ársþinginu í febrúar. Tillögur hópsins munu liggja fyrir á haustmánuðum.
 - Trausti Hjaltason spurðist fyrir um félagaskiptaglugga og misræmi milli opnunar/lokunar glugga í efri/neðri deildum meistaraflokka. Formaður og framkvæmdastjóri voru til svara.

Fundi slitið kl. 17:00

Fundarritari: Ómar Smárason

Næsti stjórnarfundir eru fyrirhugaðir 25. september, 23. október og 27. nóvember.